



Fundargerð

38. fundur lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
23. maí 2023, kl. 14:00

Viðstaddir: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn Daníel Örn Gunnarsson fulltrúi ungmennaráðs, Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Mannauðsstefna Reykjaneshæjar 2023 - drög til umsagnar (2023040237)

Bæjarráð óskar eftir umsögn um drög að mannauðsstefnu Reykjaneshæjar 2023.

Lýðheilsuráð lýsir ánægju með vel unna mannauðsstefnu og gerir ekki athugasemdir við hana.

2. Ég er Unik - hvernig get ég hjálpað barninu mínu? (2023050364)

Lýðheilsuráð minnir á fræðsluna Ég er Unik – hvernig get ég hjálpað barninu mínu, sem ráðið stendur fyrir í samstarfi við Bókasafn Reykjaneshæjar. Viðburðurinn er framlag ráðsins í tilefni af Einstökum apríl.

3. Sumar í Reykjaneshæ 2023 (2023040037)

Hafþór B. Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi kynnti fjölbreytt framboð íþrótt- og tómstunda í Reykjaneshæ sumarið 2023. Upplýsingar um það sem í boði er má finna á frístundavef sveitarfélaganna á Suðurnesjum, fristundir.is. Bent er á að enn er hægt að senda inn efni á netfangið sumar@reykjaneshae.is.

4. Fundargerð Samtakahópsins 21. maí 2023 (2023010161)

Fundargerð Samtakahópsins lögð fram til kynningar.

5. Snjallsímalausir grunnskólar - erindi fulltrúa ungmennaráðs Reykjaneshæjar (2023030312)

Daníel Örn Gunnarsson, fulltrúi ungmennaráðs í lýðheilsuráði, kynnti áhugaverðar hugmyndir sínar um snjallsímalausa grunnskóla. Daníel Örn flutti erindi um sama málefni fyrir hönd ungmennaráðs á fundi ráðsins með bæjarstjórn þann 2. maí sl.

Lýðheilsuráð þakkar Daníel Erni Gunnarssyni fyrir mjög góða kynningu og tekur heilshugar undir hans málflutning.

6. Vinnuskóli Reykjanesbæjar - kynning (2023050380)

Gunnhildur Gunnarsdóttir og Hreggviður Hermannsson frá Vinnuskóla Reykjanesbæjar kynntu metnaðarfullar hugmyndir um starfsemi vinnuskólans í sumar.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir góða kynningu og óskar starfsfólki og nemendum vinnuskólans góðs gengis í sumar.

7. Erindisbréf Lýðheilsuráðs - drög til umsagnar (2023050182)

Forsetanefnd óskar eftir umsögn um drög að uppfærðu erindisbréfi Lýðheilsuráðs.

Lýðheilsuráð telur fyrirliggjandi drög að erindisbréfi skilgreina vel hlutverk Lýðheilsuráðs. Þó eru þar atriði sem mætti skoða nánar og felur ráðið Bjarneyju Rut Jensdóttur formanni Lýðheilsuráðs að koma þeim athugasemdum til forsetanefndar fyrir tilskilinn frest.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:35.